

Sóknaráætlanir landshluta

Traust — samvinna — samhæfing



Stjórnarráð Íslands
Samgöngu- og
sveitarstjórnarráðuneytið

Ávinningur

Ábyrgð
og vald
heim í hérað

Aukið
lýðræði og
samráð

Byggðir eflar
með skilvirkni
og samstarfi

Nýsköpun í stjórnsýslu

Sóknaráætlanir landshluta eru nýsköpun í stjórnsýslu og sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga. Lög um byggða-áætlun og sóknaráætlanir frá 2015 festa í sessi verklag og hugmyndafræði sóknaráætlana. Markmiðið með lögunum er að efla byggðapróun og auka samráð milli ráðuneyta á sviði byggðamála, innan hvers landshluta og milli stjórnsýslustiga og jafnframt að færa aukna ábyrgð á sviði byggða- og samfélagspróunar til sveitarstjórna.

Lög nr. 69/2015 um byggðaáætlun og sóknaráætlanir



Hugmyndafræðin

Ákvarðanatata og ábyrgð er færð heim í hérað. Ráðstöfun fjármuna sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum byggja á svæðisbundnum áherslum. Markmiðið er að auka samkeppnishæfni, treysta stoðir menningar og stuðla að jákvæðri samfélags- og byggðapróun. Ennfremur að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun opinberra fjármuna.

Átta landshlutar

Landshlutasamtök sveitarfélaga sjá um framkvæmd sóknaráætlana með fimm ára samningum við ríkið. Landinu er skipt í átta landshluta.



- **Höfuðborgarsvæðið** – Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH)
- **Suðurnes** – Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS)
- **Vesturland** – Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV)
- **Vestfirði** – Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV)
- **Norðurland vestra** – Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV)
- **Norðurland eystra** – Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE)
- **Austurland** – Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)
- **Suðurland** – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS)



Um hvað snúast sóknaráætlanir?

Sóknaráætlanir landshluta eru stefnumótandi áætlanir. Í þeim sameinast heimamenn um framtíðarsýn, markmið, forgangsröðun verkefna og leiðir til að áætlunin nái fram að ganga.

- **Mælanleg markmið** – Áhersla er lögð á að nota mælanleg markmið í stefnumótun. Í sóknaráætlunum eru svæðisbundnar áherslur sem taka mið af annarri opinberri stefnumótun, svo sem byggðaáætlun, loftslagsstefnu og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.
- **Fimm ár** – Sóknaráætlanir eru gerðar til fimm ára og endurskoðaðar með tilliti til stöðu landshlutans og framvindu áætlunarinnar minnst einu sinni áður en samningstímabil er hálfnað.
- **Skýrt verklag** – Landshlutasamtök sveitarfélaga vinna eftir skýru og skilvirknu verklagi við úthlutanir og umsýslu styrkveitinga. Fjármunum er ráðstafað til verkefna sem heimafolk telur mikilvæg fyrir landshlutann og styðja við markmið sóknaráætlunar.
- **Samráð og lýðræði** – Verklag sóknaráætlana styður við aukið lýðræði. Sóknaráætlanir eru unnar í opnu samráðsferli og stefnumörkun byggist á þekkingu heimafélks. Grundvöllur þessarar nálgunar byggist á því að staðbundin stjórnvöld hafa betri þekkingu á aðstæðum og viðhorfum á svæðinu og eru í betri aðstöðu til að virkja heimafolk til þátttöku en miðlæg stjórnvöld. Þátttaka heimafélks er grundvallaratriði til að ná betri árangri.

Samráðsvettvangur

Í hverjum landshluta starfar samráðsvettvangur sem hefur beina aðkomu að gerð og framfylgd sóknaráætlunar. Eftirtaldir eiga meðal annars skipaða fulltrúa:

Sveitarstjórnir

Opinberar stofnanir í landshlutunum

Atvinnulíf

Menningarlíf

Fræðasamfélag

Félagasamtök



Fjármögnun

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og mennta- og menningar-
málaráðuneyti leggja framlög til sóknaráætlana.

Önnur ráðuneyti eiga möguleika á að koma að samningunum.
Sveitarfélög leggja einnig til fjármagn. Byggðastofnun sér um
umsýslu með samningum.

716
m.kr.

Grunnframlag ríkisins til
sóknaráætlanasamninga
árið 2020

1.583
m.kr.

Heildarframlög samninga
árið 2020 með viðaukum
og framlögum sveitarfélaga.



Forsendur í reiknilíkani

Við skiptingu grunnframlaga til landshluta er stuðst við
reiknilíkan sem byggist m.a. á eftirtöldum þáttum:

- Íbúaföldi og íbúapróun
- Stærð atvinnusóknarsvæða
- Atvinnuleysi
- Útvarstekjur sveitarfélaga
- Fjarlægð frá Reykjavík



Uppbyggingarsjóðir

Í öllum landshlutum, utan höfuðborgarsvæðis, eru starfræktir
uppbyggingarsjóðir sem styrkja verkefni sem falla að
sóknaráætluninni. Um er að ræða samkeppnissjóði þar sem
gerð er krafa um 50% mótframlag. Úthlutað er minnst árlega
úr sjóðunum og sérstök úthlutunarnefnd, skipuð af
landshlutasamtökum, tekur ákvörðun um styrki.



Áhersluverkefni

Áhersluverkefni eru verkefni sem samþykkt eru af stjórnun
landshlutasamtaka sveitarfélaga og á þeirra ábyrgð.
Verkefni hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar og áherslna
samráðsvettvangsins. Verkefni eru afar fjölbreytt og snerta
málefna svið allra ráðuneyta.



Stýrihópur veitir stuðning

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál veitir
landshlutasamtökum sveitarfélaga stuðning við gerð
og framkvæmd sóknaráætlana.

Hlutverk stýrihópsins er m.a. að efla samhæfingu innan
Stjórnarráðsins í málafnum sem snúa að byggðamálum
og tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið í málaflokknum.
Í stýrihópnum sitja fulltrúar allra ráðuneyta og fulltrúi frá Sambandi
íslenskra sveitarfélaga, auk áheyrnafulltrúa frá Byggðastofnun
og landshlutasamtökum sveitarfélaga. Ráðherra byggðamála
skipar í hópinn og fulltrúi ráðherrans fer með formennsku.



Byggðamál

Byggðamál heyra undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
en snerta viðfangsefni allra ráðuneyta og ná til landsins alls.

Ríki og sveitarfélög vinna út frá þeirri skilgreiningu að:



Byggðamál eru öll þau viðfangsefni sem hafa áhrif
á lífsgæði og samkeppnishæfni landshluta, s.s. búsetu,
atvinnu og nýsköpun. Þau snúa að eflingu samfélaga,
félagsauðs, atvinnulífs, menntunar, menningar,
velferðarmála, samgangna og fjarskipta.